

Kæru nemendur,

verið velkomin í skólann! Við vonum að þið hafið átt góðar og eftirminnilegar stundir í fríinu, hvílt ykkur vel og safnað orku fyrir nýtt skólaár. Við erum spennt að sjá ykkur og erum tilbúin með spennandi og skemmtileg verkefni sem við ætlum að vinna í vetur. Við bjóðum 8. bekk hjartanlega velkominn í frábæra hópinn okkar í Úllónolló. Við munum kynna fyrirkomulag og kennsluhætti á námskynningu í september en foreldrar ykkar fá tölvupóst þegar nær dregur.

Breytingar hafa orðið á kennarateyminu, Jóna Kristín og Telma Kristín eru komnar aftur til okkar eftir fæðingarorlof. Guðrún María, sem nemendur þekkja af miðstiginu, mun leysa Axel af þegar hann fer í fæðingarorlof núna á haustdögum. Við höfum fengið til liðs við okkur hana Tímeu en hún er atferlisfræðingur og mun sinna nemendum á öllum skólastigum. Sölvi, Erla, Filippía, Jóhann og Alex hafa horfið til annarra starfa og verða því ekki með okkur í vetur.

Reykjavíkurborg útvegar ritföng til notkunar í skólanum eins og undanfarin ár en það er nauðsynlegt að eiga ritföng heima við. Nemendur fá afhentan ípad í upphafi skólaárs. Nemendur eiga að mæta með heyrnartól í skólann en hluti af námsefninu er hljóð- og myndefni.

Skólasetning verður í Björnslundi föstudaginn 22. ágúst kl. 16:15. Mánudaginn 25. ágúst kl. 9:10 hefst skólinn samkvæmt stundaskrá. Sundkennsla verður á mánudögum og mun **9. bekkur byrja** og verður í sundi fram að áramótum en þá tekur 8. bekkur við og verður í sundi á vorönn. Íþróttir verða kenndar á fimmtudögum en listir verða á mánudögum.

Við hlökkum til að sjá ykkur, teymið í Úllónolló



Starfsfólk unglingadeildar skólaárið 2025-2026

Tímea, Guðrún María, Ragnheiður, Stefán, Lóa, Guðrún, Þórey Arna, Ástrós, Ingibjörg, Steinunn, Ragnar, Hafdís, Fanneý, Rut, Telma, Aníta, Jóna Kristín og Heiða. Á myndina vantar: Elínu og Axel.